

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

, 8.8.2024
UST202401-292/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28.júní 2024 - First Water, Öxnalæk, Hveragerðisbæ, ID 65

Þann 28.júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í First Water, Öxnalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er opið er varðar:

Grein 2.4 í starfsleyfi. Efnalosun í frárennsli á fosfór (P) og köfnunarefni (N) síðasta árs, mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hin vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild er því 25% af fosfór og 107% af köfnunarefni.

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna framangreinds fráviks.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvar fyrirtækisins til að koma í veg fyrir misskráningu.
2. Kynna sér hvað hver hilla í efnaskáp getur rúmað mikið af efnum. 3) Bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Framleiðslan fór í 133,5 tonn, 33,5 tonn umfram heimild.
2. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 11. september 2023.
3. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Minkur var inn í stöð er eftirlitið fór fram.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7.

maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 8. júlí 2024 og telst því frávikin lokað.

5. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024, með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því frávikin lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29.ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur